

## FRÉTTIR

# Kvennalistinn vill skoða samstarf við aðra flokka

KRISTÍN Halldórsdóttir, þingkona Kvennalistans, segir að Kvennalistinn sé ekki heilög stofnun, heldur hreyfing til að tryggja kvenfrelsi og jafnrétti framgang. „Ef það er hægt með öðrum leiðum en við höfum farið að undanfögnu ber okkur auðvitað að skoða það og komast að niðurstöðu, vonandi sameiginlegri,“ segir hún.

Fjórtaði landsfundur Kvennalistans var haldinn í Viðey 2.-3. nóvember og sendu þátttakendur meðal annars frá sér yfirlýsingu þar sem vikið er að því hvort breyttar baráttuáferðir geti skilað meiri árangri.

## Geta ekki látið sem ekkert sé


„Kvennalistinn getur ekki látið sem ekkert sé en við drögum enga dul á það að það verði að vera málefnið sem sameinast er um. Okkar áherslur hafa til dæmis fengið mikið vægi í samstarfi R-listans í stjórn Reykjavíkurborgar,“ segir hún.

Kristín segir að samstarf við aðra flokka hafi ekki verið rætt með tilliti til hvorum megin við miðju línurnar liggja og að kvennalistakonur hafi skynjað áhuga á samstarfi innan allra flokka nema Sjálfstæðisflokks. „En við vitum það að samsetning okkar flokks-

kvenna er mjög fjölbreytt. Það eru áreiðanlega konur innanborðs sem ekki myndu vilja samstarf við einhvern hinna flokkanna og svo eru í floknum konur sem vilja bara hreinræktaðan kvennalista.“

Aukið samstarf flokka á Alþingi, í sveitarstjórnunum og verkafélags-hreyfingunni, hefur verið í deiglu um frá því í vor að frumkvæði Alþýðubandalagsins og verður fyrsti fundur um samstarf haldinn í næstu viku að sögn Margrétar Frímansdóttur, formanns Alþýðubandalagsins.

„Mér finnst eðlilegt og sjálfsagt að komið sé fram við Kvennalistann, sem nýtur og hefur notið mikillar sérstöðu í íslenskum stjórnmálum, sem slíkan. Það er því fráleitt og nánast ókurteisi að bjóða þeim að ganga inn í annan þingflokk og eðlilegra að bjóða þeim viðræður á jafnréttisgrundvelli þar sem flokkarnir ræða saman um stefnumál, þar með þau mál sem Kvennalistinn



hefur ávallt sett á oddinn,“ segir Margrét Frímansdóttir.

## Niðurstaðan vonbrigði

Jóhanna Sigurðardóttir formaður Þjóðvaka segir mikilvægt að fá Kvennalistann inn í þá þróun sem eigi sér stað nú. „Niðurstaðan á landsfundinum olli mér vonbrigðum, það er að kvennalistakonur skyldu ekki vilja stíga stærra skref í átt til þessarar uppstokkunar en raun ber vitni. Samfylkingin er farin af stað og verður ekki stöðvuð og það er sama hvort forysta flokkanna á vinstri vængnum er með

henni eða á móti, það verður ekki komið í veg fyrir þessa þróun.“ Einnig segir Jóhanna að kvennalistakonur hefðu mátt hugleiða samstarf við þingflokk jafnaðarmanna. „Þá væru konur og karlar þar til helminga, sem hefði getað haft veruleg áhrif á framhaldið,“ segir Jóhanna.

Rannveig Guðmundsdóttir alþingismaður segir nauðsyn að skoða hvaða leiðir séu færar innan flokkanna til þess að konur megi ná settu marki. „Það er jafnstöðu í valdakerfinu, á vinnumarkaði og í félagslegu tilliti. Kvennalistinn hefur ýtt geysilega við stjórnmála-

flokkunum á liðnum árum en það er ljóst að þar er að verða breyting á,“ segir hún.

„Þær sterku konur sem unnið hafa af áhuga að því að breyta hugarfari og ná árangri í jafnréttismálum eiga mikið erindi á sameiginlegan vettvang í stjórnmálaflokki. Konur í stjórnmálum með lík sjónarmið eiga að sameina krafta sína og það er mikill akkur í því fyrir stjórnmálasamtök að hafa slíkt afl innan sinna vébanda, en ekki sem sér afl. Kvennalistinn hefur opnað umræðu nú sem mjög mikilvægt er að bregðast við,“ segir Rannveig að lokum.